

18. desember 2024

Umsögn íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi Elliðaárvogs fyrir Geirsnef

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts hefur tekið til skoðunar tillögur að breyttu deiliskipulagi Geirsnefs. Íbúaráð leggst ekki gegn breyttu skipulagi og bættri nýtingu svæðisins. Beinir ráðið því þó til skipulagsyfirvalda að hafa í huga það mikla mikilvægi sem svæðið hefur gegnt sem útivistarsvæði fyrir hundaeigendur og lausagöngusvæði fyrir hunda þeirra. Mikilvægt er að þetta sé haft í huga við skipulag svæðisins þannig að þessi gæði tapist ekki.

Loks þykir íbúaráði nokkurri furðu sæta að Íþróttafélagið Fylkir sé ekki á lista yfir umsagnaraðila að skipulaginu til jafns við Prótt/Ármann, þar sem öllum má ljóst vera að svæðið fellur innan eðlilegs starfssvæðis félagsins.